

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2022-2023

Miðvikudaginn 8. mars 2023 í stofu A229

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundarboð
2. Skýrsla stjórnar
3. Fjárreiður Guðfræðistofnunar, rannsóknarverkefni og Starfssjóðs
4. Til afgreiðslu: Fjárhagsáætlun Guðfræðistofnunar 2023
5. Málefni Ritraðar Guðfræðistofnunar:
 - a. Frá ritstjóra
 - b. Kosning nýs ritstjóra Ritraðarinnar
6. Starfsreglur fyrir grunnstofur innan Hugvísindasviðs, frá 1. janúar 2023
7. Starfsreglur um fyrirkomulag rannsóknarstofa innan Hugvísindasviðs, frá 10. desember 2022
8. Endurskoðaðar reglur Guðfræðistofnunar í samræmi við nýjar starfsreglur grunnstofa
9. Önnur mál.

Viðhengi 1: Skýrsla Guðfræðistofnunar 2022-2023. Til afgreiðslu.

Ársskýrsla Guðfræðistofnunar 2022-2023

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 26. janúar 2022. Framhaldsársfundur var síðan haldinn 30. mars s.á. þar sem ársreikningar voru ekki tilbúnir í janúar.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á framhaldsársfundinum 2022. Stjórnina skipa: Sigríður Guðmarsdóttir, sem er formaður og Rúnar Már Þorsteinsson sem er meðstjórnandi. Sólveig Anna Bóasdóttir er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

Fjárhagsstaða

Sjá fylgiskjal.

Málstofur

Vegna heimsfaraldursins lá starf Guðfræðistofnunar að mestu niðri frá vormisseri 2020 fram á mitt sumar 2022. Málstofuhald hófst aftur í september 2022. Færri taka þátt nú en fyrir faraldurinn.

Eftirfarandi málstofur hafa verið haldnar á vegum Guðfræðistofnunar og/eða í samstarfi við aðrar stofnanir á starfsárinu 2022-2023:

20. september 2022: „Prestar og umbætur: Rannsókn á umbótum og tilraunum til umbóta innan Þjóðkirkjunnar með áherslu á hlutverk presta“.

Málstofan var í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ. Á málstofunni fjallaði Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir um doktorsritgerð sína „Reforming Pastors: A Study on Reforms and Attempted Reforms in the ELCI with a Focus on the Role of the Pastors“ sem hún varði árið 2019. Ritgerðin fjallar um breytingaferla í kirkjustarfi og um sameiginlega gráðu var að ræða frá Háskóla Íslands og Norwegian School of Theology, Religion and Society, í Osló. Málstofan fór fram á íslensku.

17. október 2022: „Kirkjan í almannarými“

Dr. Panti Filibus Musa, erkibiskup lúthersku kirkjunnar í Nígeríu (LCCN) og forseti Lútherska heimssambandsins hélt fyrirlestur á málstofu Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands í Neskirkju. Í erindi sínu fjallaði Dr. Musa um hvernig kirkjur víða um veröld geta látið til sín taka í hinu opinbera rými og unnið að lýðræðislegum endurbótum, félagslegri ábyrgð, friði og sáttargjörð á kristnum forsendum með Nígeríu sem sérstakt dæmi. Málstofan fór fram á ensku.

3. nóvember 2022: „Frá Antígónu til Irigaray og Ettinger: Hugleiðingar á femínískum og móðurlegum nútímum“ (Samstarf við Heimspekistofnun Háskóla Íslands)

Dr. Lenart Škof, prófessor í heimspeki og forstöðumaður Science and Research Centre Koper, hélt fyrirlestur á vegum Heimspekistofnunar Háskóla Íslands, Guðfræðistofnun HÍ og námsgreinar í kynjafræði um móðurmyndir og trúarheimspeki. Málstofan fór fram á ensku og var í stofu 104 í Veröld- húsi Vigdísar.

10. nóvember 2022: „Að grafa apartheid í grunnri gröf of nálægt heimilinu: Að minnst sáttargjörðar og Kairos yfirlýsingarinnar“ (samstarf við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands)

Dr. Demaine Solomons sem Senior Lecturer við háskólann í Vestur Höfðaborg, Suður-Afríku þar sem hann kennir trúfræði og siðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild skólans. Erindið rifjaði upp þá svörtu guðfræði sem fram kemur í Kairos- yfirlýsingunni og notar sem leiðarhnoða um hið flókna og margslungna landslag sátta í Suður Afríku eftir apartheid. Með því að minnst Kairos, er skorað á fólk, sérstaklega þau sem líta á sáttargjörð frá kristnum sjónarhóli, að líta ekki aðeins á sáttargjörð sem félagslegt vandamál sem þurfi að leysa. Erindið var á ensku og fór fram í stofu A229.

1.febrúar 2023: „Tímar tröllanna“

Á málstofunni fjallaði Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður um heimildarmynd sína „Tímar tröllanna“ sem frumsýnd var í nóvember 2022. Myndin fjallaði um tröllin í fjöllum og tröllin í okkur sjálfum. Málstofan fór fram í stofu A229 og á íslensku.

1.mars 2023: Játningabókmenntir Jóns Óskars

Dr. Guðmundur S. Brynjólfsson djákni hélt fyrirlestur þar sem greint var frá helstu birtingarmyndum játningahefðarinnar í skrifum Jóns Óskars og þar lögð áhersla á tengsl játningaskrifa og eskatólógíu. Guðmundur lauk doktorsprófi í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands 10. maí 2022 og byggir erindið á doktorsritgerð hans: „Ég, sem þreyttur kem frá liðnum vetri“. Um margbrotna stöðu skáldsins og þýðandans Jóns Óskars í íslensku menningarumhverfi.“ Málstofan fór fram í stofu A229 og á íslensku.

Tvær málstofur eru fyrirhugaðar í endaðan mars og apríl 2023.

Málþing

Haustmálþing Guðfræðistofnunar var haldið 19. október í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ. Yfirskrift málþingsins var: *Hvað er í deigluinni? Friður, fuglar, loftslagsréttlæti*. Fyrirlesarar, starfandi fastráðnir kennarar við deildina, voru fjórir talsins að þessu sinni og gerðu þeir grein fyrir rannsóknum sínum. Málþingsstjóri var Hjalti Hugason.

Rúnar Már Þorsteinsson: „Hversu oft galaði haninn? Fuglar í Nýja testamentinu“

Fuglar eru nokkuð áberandi í Biblíunni. Það á einkum við um rit Gamla testamentisins, en í þessu erindi verður kastljósinu beint að Nýja testamentinu. Þar er að finna ýmsar almennar tilvísanir til fugla, en auk þess eru fimm fuglategundir nefndar sérstaklega. Einungis ein þeirra hefur aldrei verpt á Íslandi. Í erindinu verður farið yfir hugtök, lýsingar og samhengi þessara tegunda í Nýja testamentinu og frumkristni, auk þess sem sérstakri athygli verður beint að umdeildum einstaklingi sem líklega má teljast frægasti fugl Biblíunnar.

Arnfríður Guðmundsdóttir: „Hjálpæði fyrir hverja?“

Í kristinni trúarhefð er kastljósinu beint fyrst og fremst að mennskum hluta sköpunarinnar. Gagnrýni á þessa mannmiðlægu nálgun færir í aukana, ekki síst vegna manngerðrar loftslagskrísu sem ógnar öllu lífi á jörðinni. Í þessu erindi verður rýnt í þessa gagnrýni og þá sérstaklega kristsfræðilegar spurningar varðandi merkingu Krists-atburðarins fyrir allt sköpunarverkið. Spurt verður m.a. hvort líf, dauði og upprisa Krists hafi bara þýðingu fyrir

mannfólkið. Er hjálpræðisverkið kannski bara fyrir okkur sem höfum kallað okkur homo sapiens, eða hinn viti borni maður?

Sigríður Guðmarsdóttir, „Græna Atómstöðin: Hagnýt guðfræði í ljósi loftslagsbreytinga“
Hvernig hafa hinar nýju aðstæður loftslagsbreytinga á norðurslóð áhrif á hagnýta guðfræði? Hin hagnýti þáttur guðfræðinnar snýr hvort tveggja að rannsóknum á kristnum praxis í heild (hagnýt guðfræði) sem og að sjónum sé sérstaklega beitt að guðfræðilegri ígrundun hinnar vígðu þjónustu (pastoralguðfræði). Til að leita svara við spurningunni leitar höfundur í smíðju Halldórs Kiljans Laxness í Atómstöðinni, hugleiðir hina grænu þrenndarmynd um brekkuna, sveitina og lífið og dregur þaðan niðurstöður um græna köllunarguðfræði fyrir þjónustu og praxis á kristnum forsendum.

Sólveig Anna Bóasdóttir: „Sæl(ir) eru friðflytjendur! Friður sem meginmál kristins boðskapar“
Mörg okkar sakna þess að heyra talað um friðarstarf kristinna kirkna nú þegar stríð geisar í Evrópu. Þetta starf á sér sannarlega stað enda friður grundvallargildi í kristinni trú eins og öðrum trúarhefðum. Lútherska heimssambandið og Heimsráð kirkna leggja áherslu á réttlátan frið og útskýra forsendur hans. Hvernig getum við aukið friðarumræðuna, stutt við friðarmenningu – m.ö.o. gerst „friðariðkendur“?

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2022, hefti nr. 54 og 55.

Ritstjórn Ritraðarinnar á árinu 2022: Arnfríður Guðmundsdóttir (ritstjóri) og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Hugvísindapening

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapeningi sem haldið var 11. og 12. mars 2022 í Árnagarði með sérstakri málstofu sem tengdist yfirskrift rannsóknarverkefnisins 12. mars.

Trúarbragðafræðistofa

Ekkert starf var á vegum Trúarbragðafræðistofu á árinu.

Rannsóknarverkefnið Mannréttindi, trú og fjölmennning á tíma loftslagsbreytinga (MAFTÍL)

Þverfaglega rannsóknarverkefnið „Mannréttindi, trú og fjölmennning á tíma loftslagsbreytinga“ (MaFTÍL) var sett á lagginnar tveimur vikum fyrir heimsfaraldurinn í febrúar 2020.

Stjórnendur verkefnisins eru Sólveig Anna Bóasdóttir og Sigríður Guðmarsdóttir. Verkefnið lá í láginni næstu tvö ár, en var endurvikið haustið 2022. Haldin var vinnustofa í verkefninu 1. mars 2023. Fræðimennirnir sem taka þátt í verkefninu eru tólf. Nánar má lesa um verkefnið á heimasíðu þess: <https://gudfraedistofnun.hi.is/is/mannrettindi-fjolmenning-og-tru-timum-loftslagsbreytinga-maftil>

Samstarf við aðrar rannsóknastofnanir:

Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar:

Guðfræðistofnun tók þátt í samstarfi með Stofnun Sigurbjörns Einarssonar, Íslensku þjóðkirkjunni, Landvernd og fleiri aðilum að umhverfisráðstefnu í Skálholti 13. október, þar sem erkibiskup lúthersku kirkjunnar í Nígeríu, Panti Filibus Musa og biskup lúthersku kirkjunnar á Grænlandi Paneeraq S. Munk tóku þátt. Málþingið í Skálholti og málstofa Guðfræðistofnunar 17. október (sjá hér að framan) voru í tengslum við hina árlegu Arctic Circle ráðstefnu í Hörpu.

Heimspækistofnun:

Sjá málstofu með Lenart Škof.

Siðfræðistofnun:

Sjá málstofu með Demaine Solomons.

Miðlun frá Guðfræðistofnun:

Vefsíða Guðfræðistofnunar hefur tekið miklum breytingum og fréttaveitan orðið virk, en af henni er hægt að deila fréttum á samfélagsmiðlum. Sett var upp sérstök heimasíða fyrir MaFTÍL verkefnið. Það er einnig nýmæli að streymt hefur verið á zoom frá flestum málstofum vetrarins.

Nýir félagar:

Dr. Haraldur Hreinsson var ráðinn lektor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild frá 1. janúar 2023 og er félagi í Guðfræðistofnun. Stjórn Guðfræðistofnunar ákvað á fundi sínum 20. September 2022 að samþykkja umsókn Dr. Steinunnar Arnþrúðar Björnsdóttur um að gerast félagi í Guðfræðistofnun. Telst hún félagi meðan hún sinnir stundakennslu við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, í samræmi við starfsreglur um grunnstofur innan Hugvísindasviðs.

Reykjavík, 1. mars 2023

Sigríður Guðmarsdóttir, formaður stjórnar
Rúnar Már Þorsteinsson, meðstjórnandi